

## BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á framhaldsaðalfundi Arion-banka hf. 14. maí 2020

Gildi-lífeyrissjóður (Gildi) fer fram á að eftirfarandi verði lesið upp af fundarstjóra á framhaldsaðalfundinum og fært til bókar í fundargerð fundarins undir dagskrárliðnum önnur mál:

Hinn 4. maí sl. sendi Gildi stjórn Arion banka hf. bréf þar sem óskað var eftir því að heimild til stjórnar félagsins til útgáfu áskriftarréttinda yrði sett á dagskrá hluthafafundarins og að kosið yrði um tillögu stjórnar varðandi heimild til útgáfu áskriftarréttinda og samsvarandi breytingu á samþykktum, sbr. 14. dagskrárliður aðalfundar. Tilkynnt hafði verið um það á aðalfundi félagsins 17. mars sl. að tillaga stjórnar hefði verið felld en í kjölfar fundar var þeirri niðurstöðu hins vegar breytt með vísan til mistaka, sem nánar eru rakin í fundargerð hluthafafundarins. Taldi sjóðurinn af þessu tilefni rétt að atkvæðagreiðsla yrði framkvæmd á framhaldsaðalfundi á nýjan leik svo ekki léki vafi á niðurstöðum að þessu leyti.

Hinn 11. maí sl. móttók Gildi bréf frá stjórn Arion banka hf. þar sem fram kom að stjórn teldi engan vafa leika á niðurstöðum aðalfundarins og að málefnið yrði því ekki tekið á dagskrá framhaldsaðalfundarins. Sú afstaða, að hafna því að setja málefnið á dagskrá fundarins og upplýsa ekki aðra hluthafa um erindið, á sér enga stoð í 86. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn bar að setja málefnið á dagskrá þannig að hluthafafundur gæti tekið efnislega afstöðu til tillögunnar, óháð því hverjar lyktir þeirrar umræðu væru. Afstaða stjórnar til tiltekinna málefna geta ekki ráðið því hvaða mál hluthafar taka til umfjöllunar, enda engar slíkar takmarkanir á rétti hluthafa til að setja mál á dagskrá. Áskilur sjóðurinn sér rétt til þess að grípa til viðeigandi aðgerða af þessu tilefni, sem geta m.a. falið í sér kröfu um boðun nýs hluthafafundar þar sem málefnið verði sett á dagskrá.

Það veldur raunar áhyggjum að óskað hafi verið eftir heimild af þessu tagi á aðalfundi félagsins. Að mati Gildis felur heimild sem þessi fyrst og fremst í sér möguleika á því að koma á fót ígildi veglegs kaupréttarkerfis fyrir starfsmenn sem þræðir markalínur þeirra laga og reglna sem gilda um takmarkanir á árangurstengdum greiðslum hjá starfsmönnum fjármálafyrirtækja.

Reykjavík, 14. maí 2020

**Gildi-lífeyrissjóður**